

AÐALFUNDUR SAMTAKA HEILSULEIKSKÓLA

FÖSTUDAGINN 8. JÚNÍ 2018, KL. 10:00-16:00

HEILSULEIKSKÓLINN HAMRAVELLIR, HVANNAVELLIR 1, 221 HAFNARFIRÐI.

AÐALFUNDUR FÓR FRAM AÐ STRANDGÖTU 43, HAFNARFIRÐI

ÆTLAÐUR FYRIR STJÓRNENDUR SKÓLA INNAN SAMTAKA HEILSULEIKSKÓLA

Mættir: Sigrún Hulda Jónsdóttir, Bergljót Sif Stefansdóttir, Berglind Gretarsdóttir, Þóra Sigrún Hjaltadóttir, Erla Stefanía Magnúsdóttir, Oddný Þóra Baldvinsdóttir, Ingibjörg Guðjónsdóttir, Hanna Málfríður Harðadóttir, Hulda Jóhannesdóttir, María Hermannsdóttir, Gyða Guðmundsdóttir, Linda Rún Traustadóttir, Heiðbjört Gunnólfsdóttir, Bylgja Kr. Héðinsdóttir, Ragnheiður Gunnarsdóttir, Bjarney Kr. Hlökkversdóttir, Hugrún Ósk Hermansdóttir, Jórunn Jóhannesdóttir, Hólmfirður María Hjaltadóttir, Katrín Lilja Hraunfjörð, Vigdís Jónsdóttir, Sigríður Birna Birgisdóttir, Sigríður Ásdís Jónsdóttir, Kristín Eiríksdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir, Hjördís Bára Sigurðadóttir, Inese Kueire, Anna R. Árnadóttir.

Dagskrá aðalfundar

Heimsókn í Heilsuleikskólann Hamravelli – kynning á starfi leikskólans

Hefðbundinn aðalfundarstörf, önnur mál.

Námskeið um notkun á rafrænni Heilsubók barnsins.

Hefðbundin aðalfundarstörf

Kosning fundarstjóra og fundarritara – Anna Ragna var samþykkt sem fundarstjóri, Oddný Baldvinsdóttir samþykkt sem ritari.

Fundarstjóri tók við stjórn fundar.

Skýrsla stjórnar - Sigrún Hulda Jónsdóttir las skýrslu stjórnar.

Ársreikningar - Þóra Sigrún Hjaltadóttir kynnti ársreikninga Samtaka Heilsuleikskóla.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga-

Erla Stefanía tók til máls- Stjórnin sótti um styrk til tveggja aðila fyrir rafræna Heilsubók, annars vegar Rannís og hins vegar Sumargjafir, því miður var neitun um styrk frá báðum aðilum.

Erla kom því á framfæri að hún mæli eindregið með notkun gátlista frá samtökunum sem matstæki fyrir heilsuleikskóla. Gátlistarnir reynast vel og gefa vísbendingu um stöðu leikskólana hvað varðar Heilsustefnuna.

Rafræn Heilsubók - Sigrún og Þóra Sigrún kynntu hugmyndir stjórnar um að stofnkostnaður fyrir rafræna Heilsubók barnsins verði dreift á alla skóla sem gengur svo upp í gjald til notkunar:

Að stofngjald verði 70.000 kr. sem hver skóli greiðir. Þessi stofnkostnaður gengur svo upp í notkunargjald sem yrði : 100,000 kr. fyrir leikskóla með 0 – 50 nemendur, 125,000 kr. fyrir 51 – 100 nemendur og 150,000 kr. fyrir 101 og fleiri nemendur. Sigrún Hulda og Þóra Sigrún gáfu orðið.

Kristín – þakkar stjórn fyrir góða vinnu við stjórnar og tekur undir að leikskólar borgi stofngjald.

Anna Bjarnadóttir- Spyr hvort að ekki þurfi að hafa aðila sem er með eftirfylgni með rafrænni heilsubók, til að sjá um uppfærslur og fleira.

Sigrún Hulda svarar, stjórnin gerir sér grein fyrir því að aukakostnaður verði vegna rafrænnar Heilsubókar barnsins, athuga þarf í því samhengi að hækka árgjald samtakanna. Erla Stefanía ræddi um kosti rafrænnar Heilsubókar. Anna R. Árnadóttir lagði til að umræða um kostnað við rafræna heilsubók verði tekin upp í lok kynningar frá Jökli.

Gjaldskrá yfirfarin - Bergljót Sif kynnir gjaldskrá og tillögu stjórnar um að hækka árgjaldið. Anna R. Árnadóttir gaf aðalfundi orðið um árgjaldið.

Hulda Jóhannessdóttir- styður að árgjaldið verði hækkað í ljósi umfangs verkefna innan samtakana **og lagt verði föst upphæð við hvert nemenda fjölda þrep.**

Anna R. Árnadóttir lagði til að hækkun yrði út frá prósentutölu.

Berglind- minnti á að núna er líka aukakostnaður við að hafa næringarfræðing á launum og því líka mikilvægt að hækka árgjaldið.

Ástríður Guðmundsdóttir kom með athugasemd um að leikskólar sem rokka á nemendafjölda á milli ára eru stundum að borga hærri gjöld.

Hulda Jóhannessdóttir svaraði að hægt væri á árs grundvelli að skila inn tölum um fjöldi barna og að árgjöldin væri þá greidd í samræmi við það.

Sigríður Birna Birgisdóttir - spurði um á hvaða árstíma þyrfti að skila inn tölu um barnafjölda.

Póra Sigrún lagði til að tölur um barnafjölda miðist við 10. janúar. Kristín lagði til að gengið sé út frá hagstofuskýrslu ár hvert.

Anna R. Árnadóttir - lagði til að kosið yrði um að gefa stjórninni umboð til þess að hækka árgjaldið. Tillagan var samþykkt.

Árskýrsla stjórnar var samþykkt með öllum atkvæðum.

Ársreikningur var samþykktur með öllum atkvæðum.

Lagabreytingar- Engar tillögur um lagabreytingar bárust.

Kosning formanns og varaformanns

Sigrún Hulda formaður gefur kost á sér áfram, það kom ekkert mótframboð – Sigrún Hulda kjörin áfram sem formaður.

Varaformaður gefur kost á sér áfram. Berglind kjörin áfram sem vara formaður

- Kosning meðstjórnanda og varamans til tveggja ára og ritara til eins árs

Ritari Oddný Baldvinsdóttir er að hætta störfum og gefur Bergljót Sif Stefánsdóttir kost á sér sem ritari. Bergljót Sif kjörin og tekur við sem ritari.

Meðstjórnandi Bergljót Sif Stefánsdóttir lætur af störfum sem meðstjórnandi, Erla Stefanía gefur kost á sér sem meðstjórnandi. Erla Stefanía kjörin sem meðstjórnandi.

Varamaður Erla Stefanía lætur af störfum sem varamaður, engin gaf kost á sér sem varamaður, stjórnin leitar eftir áhugasömum félagsmanni.

- Kosning tveggja skoðunarmanna

Tillaga um að Anna Ragna Árnadóttir og Ingunn Sveinsdóttir mundu taka að sér að vera skoðunarmenn reikninga, tillagan var samþykkt.

Hádegishlé- 12:15 -13:00 (hlé á fundardagskrá)

Önnur mál:

Næringarstefnan og matseðlar (Berglind og Thelma Rún)-

Berglind kynnti samstarf við Thelmu Rún sem er nýútskrifaður næringarfræðingur. Thelma kynnti hugmyndir sínar um breytingar á matseðlum. Hún lagði til að matseðlum yrði breytt í litakerfi, með því væri val á uppskriftum fyrir hvern lit. Thelma kynnti þá hugmynd að gott væri að halda bragðlaukaþjálfunarnámskeið fyrir kennara.

Námstefna 6. október á Akureyri - Anna og Jórunn kynntu hugmyndir af fræðslu fyrir námstefnu á Akureyri. Vilji var fyrir því hjá fundargestum að haldið sé áfram að skipuleggja námstefnuna.

Námskeið í skráningu - Jökull Elísabetarson var með námskeið um rafrænar skráningar í Heilsubók barnsins.

Anna R. Árnadóttir fundastjóri lagði til að kosið væri um stofnkostnað fyrir hvern Heilsuleikskóla vegna rafrænnar Heilsubókar barnsins.

Spurning var um hvenær greiðslan ætti að fara fram. Ákveðið var að hafa greiðslufrest fram yfir áramót.

Tillaga var um að stofnkostnaður yrði dreifður á alla Heilsuleikskóla með greiðslufrest fram yfir áramót. Tillagan var samþykkt.

Fundi slitið.

Oddný Þóra Baldvinsdóttir ritaði fundinn.